



VARÐVEISLA MINJA OG EIGNASKRÁNING

Eftirfylgni
með úttekt á
skráningu
safngripa og
innra eftirliti hjá
Menningar- og
ferðamálasviði

IE18080004

Febrúar 2020

*Skýrsla til menningar-,
íþróttá- og
tómstundaráðs*



Innri endurskoðun
Reykjavíkurborgar

EFNISYFIRLIT

Inngangur	3
Niðurstöður eftirfyllniskoðunar.....	4
Kröfur um skráningu safngripa	5
Verklag um skráningu safngripa.....	9
Skráning, skráningarkerfi og upplýsingaöryggi.....	11
Gæði skráningar	17
Viðauki I - Yfirlit yfir skráningu safngripa	21

Safnið skal með stefnu sinni og starfi leitast við að tryggja að safneign þess (varanleg eða tímabundin) og allar upplýsingar sem að henni lúta, skráðar með viðeigandi hætti, séu aðgengilegar til notkunar á hverjum tíma og verði skilað áfram til komandi kynslóða í eins góðu og öruggu ástandi og kostur er miðað við þá þekkingu og aðstöðu sem völ er á hverju sinni.

Siðareglur ICOM fyrir söfn, desember 2015

Innri endurskoðun veitir óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf sem ætlað er að vera virðisaukandi og bæta rekstur Reykjavíkurborgar. Innri endurskoðun heyrir undir borgarráð Reykjavíkur en innri endurskoðandi nýtur faglegs sjálfstæðis í störfum sínum gagnvart allri stjórnslu borgarinnar, þar með talið borgarstjóra. Innri endurskoðun fylgir í starfsemi sinni alþjóðlegu stöðlunum International Standards for the Professional Practice of Internal Auditing en þar er meðal annars sett fram skilgreining á innri endurskoðun, siðareglur og viðmið um faglega framkvæmd innri endurskoðunar. Í samræmi við staðlana ber Innri endurskoðun að gæta hlutleysis í störfum sínum og starfa óháð þeim rekstrareiningum sem hún endurskoðar. Starfsmenn Innri endurskoðunar starfa samkvæmt siðareglum alþjóðasamtaka innri endurskoðenda sem fela í sér það siðferðislega gildismat sem starfsmenn eiga að hafa að leiðarljósi í störfum sínum og um leið að varðveita og efla það traust og þann trúverðugleika sem skrifstofunni ber að hafa.

INNGANGUR

Í innri endurskoðunaráætlun Reykjavíkurborgar fyrir árin 2018-2019 er gert ráð fyrir eftirfylgni með skýrslu Innri endurskoðunar sem unnin var á árunum 2013-2014 og var gefin út í ágúst 2014 um skráningu safngripa og innra eftirlit hjá Menningar- og ferðamálasviði.

Viðfangsefni úttektarinnar 2014, sem nú er fylgt eftir, varðaði skráningu safngripa, upplýsingaöryggi, skráningarkerfi og verklag við skráningu hjá Listasafni Reykjavíkur, Minjasafni Reykjavíkur og Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Skráning hjá Víkinni – Sjóminjasafninu í Reykjavík var með afmarkaðri hætti þar sem það var á þessum tíma sjálfstæð sjálfseignarstofnun. Þann 1. júní 2014 voru þrjú safnanna sem til skoðunar voru, Minjasafn Reykjavíkur, Ljósmyndasafn Reykjavíkur og Víkin, sameinuð ásamt fleirum undir eina regnhlíf, Borgarsögusafn Reykjavíkur. Undir nýtt Borgarsögusafn heyrir Árbæjarsafn, Landnámssýningin í Aðalstræti, Sjóminjasafnið í Reykjavík, Ljósmyndasafn Reykjavíkur og Viðey. Markmið sameiningarinnar var að efla starfsemi safnsins í þeim tilangi að þjóna fjölbreyttum hópi gesta enn betur.

Í kjölfar úttektar Innri endurskoðunar skipaði sviðsstjóri Menningar- og ferðamálasviðs starfshóp um skráningu safnkosts á sviðinu. Helstu verkefni hópsins voru samkvæmt erindisbréfi stöðlun skráninga, gæðamál, mat á þáverandi skráningarkerfi, átak í skráningu og stjórnendaupplýsingar. Hópurinn skilaði af sér greinargerð/minnisblaði í mars 2015¹ og er meginniðurstaða starfshópsins eftirfarandi:

Þau skráningarkerfi og gagnagrunnar sem söfn Reykjavíkurborgar nota við skráningu á safnkosti eru öll viðurkennd af safnaráði. Auk þess er hér um að ræða sérhæfð og sérsniðin kerfi til að uppfylla þarfir og kröfur safnanna og er því í raun ekki um aðra valkosti að ræða. Athugasemdir Innri endurskoðunar endurspegla að stórum hluta þá staðreynd að söfnin hafa ekki náð að fullskrá sinn safnkost í umrædda gagnagrunna. Átak í skráningu er nauðsynlegt til að söfnin nái að starfa í takt við nútímann. Brýnt er einnig að söfnunum sé gert kleift að þróa sín gagnasöfn og bæta í takt við öra tækniþróun og framfarir í netheimum. Gagnagrunnarnir, sem eru ein helstu vinnutæki eða verkfæri allra safnmanna, verða að virka hverju sinni og uppfærast reglulega þannig að notendur, bæði innan safna og utan, geti nýtt sér gagnagrunnana á sem skilvirkastan hátt hverju sinni. Öflugt þróunarstarf og stöðugt samtal við UTD og aðra aðila sem bera ábyrgð á vistun, uppfærslum og þróun er afar mikilvæg. Bæði söfnin og UTD þurfa því stuðning og skilning yfirvalda í þessum efnum.

Innri endurskoðun fylgir nú eftir þeim 17 ábendingum sem settar voru fram í áðurnefndri skýrslu og er markmið úttektar að kanna hvernig úrbótum er háttað. Eftirfylgniúttektin hófst á þriðja ársfjórðungi 2018, en úttektin var framkvæmd á fyrsta og öðrum ársfjórðungi 2019. Úttektin er staðfestingarverkefni sem felur í sér hlutlæga athugun og mat á gögnum til þess að gefa óháð mat á stöðu ábendinga sem fylgt er eftir. Við vinnslu skýrslunnar var talað við lykilstarfsmenn og farið yfir ýmis gögn varðandi verklag og starfsemina.

¹ Starfshópur um skráningu safnkosts á Menningar- og ferðamálasviði – Greinargerð dags. 29. mars 2015 – Minnisblað vegna skýrslu innri endurskoðunar

NIÐURSTÖÐUR EFTIRFYLGNISKOÐUNAR

Skráning safngripa er gerð með ólíkum hætti á milli safna og innan Borgarsögusafns. Ekki hefur átt sér stað samræming við skráningu né notkun hugtaka, þó svo að öll söfnin styðjist við alþjóðlegan faglegan staðal, ICOM. Ekki er samræmi milli safna á vinnslu við uppbyggingu gæðamála né innan þess hluta Borgarsögusafns sem úttektin náði til, þar sem hver safneining er með sitt snið. Innri endurskoðun hefur bent á að samræma þurfi uppbyggingu gæðamála innan borgarinnar og það á einnig við innan sviða.

Umbætur hafa átt sér stað við móttöku safngripa en ólokið er aðgerðum til að bæta upplýsingaöryggi. Ánægja er meðal viðmælanda með virkni kerfanna og þau uppfylla þarfir þeirra. Þróun hefur verið á hugbúnaðinum Sarpi sem einfaldar eignaumsýslu og safnastarf hjá Árbæjarsafni Borgarsögusafns.

Vakin er athygli á að þörf er á frekara átaki í skráningu safnkosts en grundvöllur öflugr safnastarfs er vönduð og áreiðanleg skráning safngripa og meðferð þeirra.

Í skýrslunni frá 2014 sem fylgt er eftir voru gerðar 17 ábendingar um atriði sem betur þyrftu að fara varðandi skráningu safngripa og innra eftirlit. Á Menningar- og ferðamálasviði hefur verið unnið að úrbótum við ábendingunum og niðurstaða eftirfylgniúttektar nú er að tíu ábendingum er lokað en sjö ábendingar eru ítrekaðar þar sem úrbótum er ekki lokið.

Ábendingum Innri endurskoðunar er skipt upp í fjögur stig eftir alvarleika þeirra út frá áhættuflokkun. Í töflum hér aftar er að finna áhættuflokkaðar niðurstöður þessarar eftirfylgniúttektar með skírskotun í fyrri ábendingar, ásamt viðbrögðum stjórnenda við bæði ítrekuðum og nýjum ábendingum.

ÁHÆTTUFLOKKUN ÁBENDINGA INNRI ENDURSKOÐUNAR

● **Rauð ábending** – alvarlegir veikleikar í innra eftirliti sem geta leitt af sér áhættur á einu eða fleiri eftirfarandi sviðum:

- ✓ Mikið fjárhagslegt tjón.
- ✓ Brot á lögum eða ekki fylgni við aðrar kröfur ytri aðila.
- ✓ Vöntun eða brot á siðareglum og/eða alvarlegt brot á innri reglum.
- ✓ Mikil orðsporsáhætta.
- ✓ Mikil sviksemisáhætta.

Viðbrögð þurfa að vera tafarlaus.

● **Appelsínugul ábending** – verulegir veikleikar í innra eftirliti sem geta leitt af sér áhættur á einu eða fleiri eftirfarandi sviðum:

- ✓ Nokkurt fjárhagslegt tjón.
- ✓ Ekki fylgni við kröfur ytri aðila.
- ✓ Vöntun á innri reglum eða veruleg frávik í fylgni við þær.
- ✓ Möguleg orðsporsáhætta.
- ✓ Möguleg sviksemisáhætta.

Úrbætur eigi sér stað innan sex mánaða.

● **Gul ábending** – veikleikar í innra eftirliti sem geta leitt af sér áhættur á einu eða fleiri eftirfarandi sviðum:

- ✓ Lítið fjárhagslegt tjón.
- ✓ Fylgni við kröfur eða tilmæli ytri aðila ekki fullnægjandi.
- ✓ Uppbygging innri reglna eða fylgni við þær ekki fullnægjandi.
- ✓ Litlar líkur á orðsporsáhættu.
- ✓ Litlar líkur á sviksemisáhættu.

Úrbætur eigi sér stað innan árs.

✓ **Græn ábending** – innra eftirlit er viðunandi en umbótatækifæri geta verið til staðar.

Jafnframt getur græn ábending þýtt að brugðist hafi verið við ábendingu á vinnslutíma úttektar og að Innri endurskoðun hafi fengið staðfestingu á því að málinu sé lokið.

KRÖFUR UM SKRÁNINGU SAFNGRIPA

Kröfur um skráningu safngripa eru skráð í lög, reglugerð og leiðbeiningar höfuðsafna, sem og í siðareglur alþjóðaráðs safna (ICOM). Samantekt á helstu ákvæðum er sem hér segir:

Í safnalögum nr. 141/2011 sem tóku gildi í janúar 2013 kemur fram í 3. gr. um hlutverk safna: *“Með söfnun, skráningu, varðveislu, rannsóknum, sýningum og annarri miðlun er það hlutverk safna að tryggja menningar- og náttúruarf Íslands, varpa ljósi á menningar-, náttúru- og listasögu landsins, styrkja safnkost og heimildasöfnun innan síns sérsviðs og gera safnkost sinn og heimildasöfn aðgengileg almenningi og fræðimönnum. Í starfi sínu skulu söfn hafa að leiðarljósi að auka lífsgæði manna með því að efla skilning á þróun og stöðu menningar, lista, náttúru eða vísinda. Söfn skulu stunda markvissa söfnun muna og heimilda til að safnkostur þeirra gefi sem heildstæðasta mynd af sérsviði þeirra”.*

Í 7. grein safnalaganna kemur fram að skipa skuli safnaráð sem fjalli m.a. um viðurkenningu safna og setji skilmála um staðla fyrir skráningarkerfi safna og viðurkenningu á skráningarkerfum. Í V. kafla um viðurkennd söfn og starfsemi þeirra segir í 14. grein: *„[s]öfn skulu leitast við að efla faglegt starf á sínu sviði og standast lágmarkskröfur um söfnun, skráningu, varðveislu, rannsóknir og miðlun. Þau skulu skila stefnumörkun um starfsemi sína til viðeigandi höfuðsafns á fjögurra ára fresti”.* Söfnin sem hér eru til skoðunar hafa öll fengið staðfestingu sem viðurkennd söfn, sbr 4. gr. safnalaga (nr. 141/2011). Í 7. tl. 10. gr. safnalaga stendur: *„Safn skal starfa í samræmi við siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM) og ákvæði laga.”*

Reglugerð um viðurkenningu safns nr. 900/2013, 4. gr., 4. liður, D.ii. *„[s]afn skal fara eftir leiðbeiningum höfuðsafns um skráningu”.*

Í siðareglum ICOM kemur fram: *„Safneign skal skrá samkvæmt faglega viðurkenndum stöðlum. Í slíkri skráningu skal tilgreina og lýsa hverjum grip í safninu ýtarlega, skrá tengdar upplýsingar, uppruna, ástand, forvörslumeðferð og geymslustað. Slíkar upplýsingar skal geyma á öruggum stað og haga gagnagrunni þannig að upplýsingarnar séu aðgengilegar starfsmönnum safnsins og öðrum réttmætum notendum.”*

Höfuðsafn Listasafns Reykjavíkur er Listasafn Íslands og skal því Listasafn Reykjavíkur fylgja leiðbeiningum Listasafns Íslands. Höfuðsafn Borgarsögusafns er Þjóðminjasafnið og ber því söfnum Borgarsögusafns að fylgja leiðbeiningum Þjóðminjasafns Íslands.

#	Ábending frá 2014	Svör MOF 2018/2019	Niðurstöður skoðunar 2019	Áhrif / möguleg áhrif	Aðgerðaráætlun stjórnenda 2019	Áhætta 2019
5	<p>Yfirstjórn MOF óski eftir viðræðum við safnaráð þar sem farið verði yfir kröfur og leiðbeiningarnar sem höfuðsöfn setja fram um skráningu safngripa. Bent skal á að skýra þarf stöðu þessara leiðbeininga m.a. með tilvísun í kröfur ICOM. Þar sem í lögum segir að taka eigi mið af ICOM í starfsemi safna þá er æskilegt að leiðbeiningarnar hafi beina tilvísun til krafna ICOM og skoða þarf möguleika á betri samræmingu þeirra á milli. Að sama skapi væri æskilegt að samræma hugtakanotkun eftir því sem við á.</p>	<p>Í framhaldi af skýrslu Innri endurskoðunar árið 2014 skipaði sviðsstjóri starfshóp sem fór yfir niðurstöður og athugasemdir og vann greinargerð sem skilað var 29. mars 2015.</p> <p>Í framhaldinu var fundað bæði með UTD, Sarpi og Safnaráði um úrbætur. Rekstrarfélag Sarps brást skjótt við, skipaði Skráningarráð Sarps sem vann Skráningarhandbók 2014-2015, leiðbeiningar um skráningar í gagnagrunninn og voru alþjóðlegar kröfur ICOM um skráningu safngripa hafðar til hliðsjónar. Breiður hópur safnmanna kom að handbókinni en skráningarráðið ber ábyrgð og sér um viðhald bókarinnar. Skráningarráðið lagði einnig til að gerð væri sú krafa að skrásetjarar sætu námskeið áður en þeir fengju skráningaraðgang, til að tryggja rétt vinnubrögð við skráningu, enda er Sarpur eitt helsta vinnutæki safnmanna. Rekstrarfélag Sarps hefur um árabíl haldið námskeið, bæði grunnnámskeið og framhaldsnámskeið fyrir notendur Sarps.</p> <p>Safnaráð hefur einnig skerpt leiðbeiningar til safna, sjá heimasíðu safnaráðs, og samræmi ætti að vera orðið gott í hugtakanotkun við skráningu.</p> <p>Þó Listasafn Reykjavíkur sé ekki aðili að Sarpi þá eiga almennar leiðbeiningar um skráningu sem lúta ekki að kerfinu Sarpi sjálfu einnig við hér þar sem höfuðsafn á sviði myndlistar Listasafn Íslands er aðili að Sarpi. Leiðbeiningar frá Listasafni Íslands eru einnig aðgengilegar á vefsíðu Safnaráðs.</p>	<p>Ávinningur samráðs er m.a. stöðlun í skráningu, eins og samræming í hugtakanotkun. Það veitir mikilvæga yfirsýn yfir safnkosti safna borgarinnar sem gerir starfsfólki og stjórnendum auðveldara um vik varðandi upplýsingar um safnkost hvers safns. Stöðlun leiðir einnig til þess að umsýsla verður minni, kostnaður minni og öryggi meira. Samráð á milli yfirstjórnar safna, safnaráðs og höfuðsafna er mikilvægt til að sameiginlegur skilningur sé um kröfur og væntingar allra aðila.</p> <p>Ábendingin varðar að yfirstjórn MOF, þ.e. sviðsstjóri og safnstjórnar, ræði við safnaráð um kröfur og leiðbeiningar höfuðsafna. Yfirstjórn hafði ekki samráð heldur var starfshópi falið að ræða við safnaráð.</p> <p>Í greinargerð starfshóps kemur fram að rétt hafi verið við safnaráð og höfuðsöfn varðandi viðmið skráninga. Þær viðræður leiddu ekki til breytinga á leiðbeiningum Þjóðminjasafns eða Listasafns Íslands og því hefur hvorki verið skýrð formlega staða leiðbeininga né sett tilvísun í þær í siðareglum ICOM.</p> <p>Seinni hluti ábendingarinnar varðar að skýra þarf stöðu leiðbeininga höfuðsafna. Leiðbeiningar höfuðsafnanna eru sex ára gamlar eða frá 2013 og hafa því ekki verið uppfærðar frá útgáfu skýrslu Innri endurskoðunar eða frá endurútgáfu siðareglna ICOM.</p> <p>Niðurstaða: Á vinnslulokafundi Innri endurskoðunar og stjórnenda var farið yfir ábendinguna og rætt frumkvöðlahlutverk Reykjavíkurborgar sem stór aðili í safnastarfi lands. Ábendingin varðar starf safnaráðs en ekki Reykjavíkurborg og er ábendingu því lokað.</p>			

#	Ábending frá 2014	Svör MOF 2018/2019	Niðurstöður skoðunar 2019	Áhrif / möguleg áhrif	Aðgerðaráætlun stjórnenda 2019	Áhætta 2019
5	<p>Ákveða þarf lágmarks- 3 skráningarviðmið með 4 formlegum hætti hjá Reykjavíkurborg með tilliti til niðurstöðu ofangreindrar ábendingar. Einnig þarf að taka afstöðu til þess hvort samræma eigi á milli safna borgarinnar skilgreiningu á lágmarksskilyrðum við skráningu.</p>	<p>Skráningarhandbók Sarps var unnin í samræmi við alþjóðlegar kröfur ICOM um skráningu safngripa. Í skráningarhandbókinni eru skilgreind ákveðin lágmarksviðmið, bæði skyldureitir sem verður að útfylla í frumskráningu og svo auðkennd svið sem fyllt eru í grunnskráningu. Skráningarhandbókin er einungis aðgengileg á lokuðum vef. Á þeim sama vef, sem sniðinn er að þörfum notenda kerfisins eru ýmsar upplýsingar um kerfið og notkun þess og öllum uppfærslum lýst. Í skráningarreglum höfuðsafnsins Listasafns Íslands eru lágmarksskráningaratriði auðkennd. Þær eru aðgengilegar á vef Safnaráðs.</p>	<p>Listasafn Reykjavíkur skal fylgja leiðbeiningum síns höfuðsafns, þ.e. Listasafns Íslands, og eru lágmarksskráningaratriði skýr í leiðbeiningum.</p> <p>Höfuðsafn Borgarsögusafns er Þjóðminjasafnið og ber því söfnum Borgarsögusafns að fylgja leiðbeiningum Þjóðminjasafns Íslands en ekki eru þar tilgreind lágmarksskráningaratriði. Til að bregðast við því var unnið að skráningarhandbók Sarps, en skráningarhugbúnaðurinn Sarpur er í notkun hjá Árbæjarsafni og Sjóminjasafninu. Skráningarhandbókin er í lokayfirlestri og verður gefin út á næstu dögum. Ljósmyndasafn Reykjavíkurborgar notar FileMaker undir mannamyndaskrá og FotoStation fyrir almennt myndasafn. Í greinargerð starfshóps kemur fram: <i>„Varðandi stöðlun, gerð verklagsreglna og skilgreindra lágmarksviðmiða í skráningum í FotoStation er það mat starfshópsins að rétt sé að horfa til þeirra viðmiða sem hópurinn setur sér varðandi skráningu í Sarp.“</i> Því til viðbótar kemur fram í greinargerð Ljósmyndasafns Reykjavíkur að skráning í kerfi safnsins sé unnin upp úr móttökuskrá og aðfangabók, m.a. er skráð aðfanganúmer, upplýsingar um ljósmyndara, lýsing á innihaldi, gerð og myndefni aðfanga, fjöldi og áætlað tímabil sem myndirnar voru teknar.</p> <p>Í niðurstöðu starfshópsins segir: <i>„Söfn borgarinnar sinna mjög ólíkum safnkosti og því er ekki æskilegt að samræma skráningu á milli þeirra frekar en nú er gert í Sarpi, sem dæmi eru listaverk og fornleifar skráðar á ólíkan hátt. Fjölbreyttar menningarminjar krefjast ólíkrar nálgunar og mikilvægt er að sú faglega nálgun verði ekki útmáð í nafni samræmingar“.</i></p> <p>Ekki hafa verið ákveðin lágmarksskráningarviðmið með formlegum hætti hjá Reykjavíkurborg. Afstaða yfirstjórnar liggur ekki fyrir, unnið er með ólík skráningarkerfi og ólík</p>			

#	Ábending frá 2014	Svör MOF 2018/2019	Niðurstöður skoðunar 2019	Áhrif / möguleg áhrif	Aðgerðaráætlun stjórnenda 2019	Áhætta 2019
			<p>viðmið og mismunandi er hvernig staðið er að skráningu á milli safna.</p> <p>Niðurstaða: Á vinnslulokafundi Innri endurskoðunar, stjórnenda og tengiliða var farið yfir ábendinguna og kom þar fram að stjórnendur og starfsmenn eru meðvitaðir um mikilvægi forgangsröðunar skráningaratriða. Það torveldar samræmingu skráningaratriða að skráningarkerfin eru ólík og jafnframt er í leiðbeiningum frá safnaráði/höfuðsöfnum gerðar mismunandi skráningarkröfur til safnanna. Ábendingu er lokað.</p>			

VERKLAG UM SKRÁNINGU SAFNGRIPA

#	Ábending frá 2014	Svör MOF 2018/2019	Niðurstöður skoðunar 2019	Áhrif / möguleg áhrif	Aðgerðaráætlun stjórnenda 2019	Áhætta 2019
5 3 5	<p>Bæta þarf uppbyggingu og fyrirkomulag gæðamála innan allra safnanna. Skrá þarf verklag sem unnið er eftir og stilla upp ferilslýsingum varðandi móttöku, skráningu, útlán og varðveislu safngripa. Ábyrgðarmenn verði tilgreindir fyrir hvern verkþátt. Verklagsreglur þarf síðan að uppfæra með reglubundnum hætti. Í þessu samhengi þarf að skilgreina hvernig verði staðið að uppbyggingu gæðamála innan safna borgarinnar</p>	<p>Borgarsögusafn Reykjavíkur og Listasafn Reykjavíkur eru viðurkennd söfn. Söfnin hafa því uppfyllt skilyrði safnaráðs, sjá heimasíðu safnaráðs.</p> <p>Við sameiningu safna undir hatti Borgarsögusafns Reykjavíkur var stofnaður starfshópur, matsnefnd safngripa. Nefndina skipa fimm starfmenn safnsins og fer deildarstjóri varðveislu og rannsókna fyrir hópnum. Verkefni nefndarinnar er að skýra verkferla og styðja við faglegt starf við móttöku og umsýslu safngripa. Þá eru öll erindi er varða stærri gjafir lögð fyrir ráðið. Safnið vinnur því eftir og fylgir í hvívetna ákveðnum faglegum viðmiðum sem safnaráð hefur sett og eru aðgengileg á heimasíðu safnaráðs.</p> <p>Listasafn Reykjavíkur hefur unnið að verklagsreglum um móttöku, skráningu og varðveislu listaverka. Reglur varðandi útlán eru einnig formfestar í samningum til lántaka.</p>	<p>Innri endurskoðun fékk afrit af verkferli Ljósmyndasafns Reykjavíkur við móttöku, skráningu og varðveislu safngripa. Sambærilegur verkferill fékkst jafnframt fyrir minjavörslu og rannsóknir hjá Borgarsögusafni. Verkferlarnir eru einfaldir og skýrir en ekki eru tilgreindir allir þættir þeirrar ábendingar sem nú er fylgt eftir, t.d. er hvorki skráður ábyrgðaraðili né dagsetning en líklega var síðasta uppfærsla verkferlanna við sameiningu safnanna í Borgarsögusafn.</p> <p>Hjá Listasafni Reykjavíkur eru til staðar verklagsreglur um móttöku, skráningu og varðveislu listaverka í safneign. Ekki var könnuð fylgni við verklag að þessu sinni.</p> <p>Niðurstaða: Innri viðmið, eins og reglur, verklagsreglur, verkferlar, vinnulýsingar, leiðbeiningar og gátlistar, eru innri eftirlitstæki sem styðja við að starfsemin fylgi ytri viðmiðum, svo sem lögum og stefnum fyrirtækisins. Hvert safn hefur sitt verklag og sín gæðaskjöl. Gerð gæðaskjala er ekki lokið hjá Ljósmyndasafninu og Minjasafninu en úrbætur við ábendingu eru í vinnslu. Ábendingin er því ítrekuð til þeirra safna en lokað hjá Listasafni Reykjavíkur.</p> <p>Því til viðbótar er bent á að við uppbyggingu heildstæðs gæðastjórnunarkerfis safnanna er gagnlegt og skynsamlegt að líta til alþjóðlega gæðastjórnunarstaðalsins ÍST EN 9001:2015 Gæðastjórnunarkerfi – Kröfur.</p>	<p>Hætta er á að markmiðum, innri og ytri viðmiðum sé ekki náð ef veikleikar séu í uppbyggingu og fyrirkomulagi gæðamála</p>	<p>Verklagsreglur eru í vinnslu hjá Borgarsögusafni Reykjavíkur.</p>	
5 3 6	<p>Hjá Minjasafninu, Ljósmyndasafninu og Sjóminjasafninu þarf að skilgreina ákvörðunartökuferlið</p>	<p>Í framhaldi af skýrslu Innri endurskoðunar 2014 var skerpt á öllum verkferlum hjá þeim söfnum sem nú heyra undir Borgarsögusafn Reykjavíkur. Þá var matsnefnd safngripa skipuð til að formfesta enn frekar alla umsýslu safnkosts.</p>	<p>Áður nefndir verkferlar lýsa ferli ákvarðanatöku við móttöku safngripa hjá Ljósmyndasafni Reykjavíkur og Árbæjarsafni. Þar kemur m.a. fram að starfsfólk safnanna meti í hvert sinn hvort gripur/ljósmynd í boði er þegið eða afþakkað og er sú ákvörðun byggð á söfnunarstefnu safnsins.</p>			

#	Ábending frá 2014	Svör MOF 2018/2019	Niðurstöður skoðunar 2019	Áhrif / möguleg áhrif	Aðgerðaráætlun stjórnenda 2019	Áhætta 2019
	<p>varðandi móttöku safngripa og formfesta; hvaða aðilar innan safnsins eiga að taka þessa ákvörðun og hvaða viðmið eiga að vera uppi í tengslum við ákvörðunartökuna.</p>	<p>Matsnefndin stýrir einnig endurskoðun á söfnunarstefnu og grisjunarstefnu reglulega. Grisjunaráætlun var samþykkt á síðasta ári, var áður kynnt fyrir MOF.</p>	<p>Niðurstaða: Ábendingu lokað.</p>			
<p>5 3 7</p>	<p>Bæta þarf rökstuðning skráðan í fundargerðir innkaupanevndar Listasafnsins við ákvörðunartöku kaupa verka og tengja betur við söfnunarstefnu safnsins.</p>	<p>Samkvæmt samþykkt fyrir Listasafn Reykjavíkur sem staðfest var árið 2013 10 gr. III kafla „Við val listaverka til safnsins ber að fara eftir listrænu gildi þeirra“</p> <p>Við afgreiðslu innkaupa hefur verið horft til 3. tölul. 2. mgr. 21. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, ber stjórnvaldi ekki að veita rökstuðning þegar um er að ræða úthlutun styrkja á sviði lista, menningar eða vísinda.</p> <p>Þó ekki sé um úthlutun styrkja að ræða heldur innkaup listaverka hefur verið litið svo á að sama meginregla gildi.</p> <p>Ítarlegri söfnunarstefna er í vinnslu en í henni er t.d. horf til þess hvað safneignin skuli endurspegla auk þess sem aðferðafræði förgunar og afskrifta verka er skýrð.</p> <p>Endurskoðuð svör í október 2019: Rökstuðningur mun fylgja öllum ákvörðunum um staðfest kaup og gjafir sem hafa verið þegnar. Þetta er útlistað í verklagsreglum.</p>	<p>Í samþykktum Listasafns Reykjavíkur frá nóvember 2013 eru ákvæði um listaverkakaup og gjafir. Þar kemur fram að það er hlutverk innkaupanevndar að annast kaup á listaverkum í samræmi við fjárheimildir í fjárhagsáætlun borgarinnar. Einnig að við val listaverka til safnsins beri að fara eftir listrænu gildi þeirra.</p> <p>Í verklagsreglum safnsins um móttöku, skráningu og varðveislu listaverka í safneign kemur fram: <i>Öllum ákvörðunum innkaupanevndar varðandi samþykktar gjafir og innkaup skal fylgja rökstuðningur innkaupanevndar í fundargerð.</i></p> <p>Niðurstaða: Rökstuðningur ákvarðana varðandi kaup á listaverkum er dæmi um verklag sem stuðlar að gagnsæi innan stjórnsýslunnar. Brugðist hefur verið við ábendingu Innri endurskoðunar og er ábendingu lokað.</p>			

SKRÁNING, SKRÁNINGARKERFI OG UPPLÝSINGAÖRYGGI

Safnaráð setur skilyrði fyrir því að söfn fái viðurkenningu sem safn. Þar á meðal eru skilyrði er varða skráningarkerfi safnmuna:

- i. Kerfi sem notuð eru til skráningar gagna hjá viðurkenndum söfnum skulu að lágmarki uppfylla skilmála safnaráðs um skráningarkerfi eins og þeir koma fram á heimasíðu safnaráðs. Uppfylli skráningarkerfi ekki skilmála safnaráðs skal safn senda safnaráði tímasetta áætlun um úrbætur sem ráðið tekur afstöðu til.
- ii. Sjá sérstakan gátlista útgefinn af safnaráði.

#	Ábending frá 2014	Svör MOF 2018/2019	Niðurstöður skoðunar 2019	Áhrif / möguleg áhrif	Aðgerðaráætlun stjórnenda 2019	Áhætta 2019
5 3 8	Menningar- og ferðamálasvið og upplýsingatæknideild þurfa að uppfæra þjónustusamning um þjónustu upplýsingatæknideildar. Sérstaklega þarf að huga að upplýsingaöryggi og verkskiptingu varðandi rekstur og upplýsingaöryggi skráningarkerfa safna. Skilgreina verður ábyrgð og hlutverk varðandi kerfisumsjón þannig að aðgreining starfa sé tryggð.	Strax árið 2014 var hafist handa við undirbúning að nýjum þjónustusamningi við UTD en vegna mikillar starfsmannaveltu hjá UTD náðist ekki að klára saminginn. Þjónustusamningur UTD og MOF er því enn í vinnslu. Gagnaöryggi í Sarpi er tryggt eins og verða má en ganga þarf frá samingi við UTD og tryggja þannig öryggi gagna bæði Ljósmyndasafns og Listasafns.	Þjónustusamningur á milli Upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkur (UTR, áður UTD) og MOF hefur ekki verið endurnýjaður en unnið er að því og er nýr samningur í yfirllestri hjá sviðsstjóra MOF. Niðurstaða: Ábending er ítrekuð.	Ef ekki liggur ljóst fyrir hvaða þjónustu skuli veita er mikil hætta á ófullnægjandi þjónustu af hálfu upplýsingatæknideildar, rekstrartruflunum eða óeðlilegum væntingum af hálfu þjónustukaupa.	Nýr samningur er í yfirllestri.	
5 3 9	Bæta þarf upplýsingaöryggi skráningarkerfa safna með tilliti til að uppfylla viðmið	Hjá Listasafni Reykjavíkur var gengið frá bættu aðgangsstýringakerfi fyrir Filemaker grunn safnsins í byrjun árs 2017. Deildarstjóri safneignar og rannsókna hefur umsjón með að	Listasafn Reykjavíkurborgar Listasafnið notar Filemaker og þiggur þjónustu frá UTR. Við skoðun 2014 komu í ljós ákveðnir veikleikar; skortur væri á	Veikleikar geta valdið því að upplýsingar verða ekki tiltækilegar	Nýr samningur er í yfirllestri.	

#	Ábending frá 2014	Svör MOF 2018/2019	Niðurstöður skoðunar 2019	Áhrif / möguleg áhrif	Aðgerðaráætlun stjórnenda 2019	Áhætta 2019
	safnaráðs og styrkja utanumhald með aðgangsstýringu, lykilorðastillingum og afritunartöku.	stofna aðgang fyrir starfsfólk og stilla skráningar-eða lesheimildir. Hjá Sarpi er kerfið sjálft hýst á Akureyri en afrit geymd í Kópavogi.	<p>skjalfestri lýsingu á skráningarkerfinu, ábyrgð og verkaskipting væri ekki skýr, veikleikar væru í aðgangsstýringu og að endurheimt gagna væri ekki prófuð. Brugðist hefur verið við þeim veikleikum sem greindir voru 2014 að því frátöldu að ekki liggur fyrir í þjónustusamningi skráð og skjalfest verkaskipting milli aðila.</p> <p>Minjasafn Reykjavíkur</p> <p>Minjasafnið notar skráningarkerfið Sarp og þiggur þjónustu frá Rekstarfélagi Sarps og Þekkingu vegna kerfisins. Að auki sækir safnið upplýsingatækniþjónustu til UTR. Við skoðun 2014 kom í ljós sá veikleiki að endurheimt gagna fer ekki fram árlega. Innri endurskoðun fékk afrit af niðurstöðum síðustu prófunar á endurheimt sem fram fór í desember 2018 og þar áður í desember 2017. Niðurstöður prófana 2017 eru ekki skjalaðar en að sögn starfsmanns hefur verið skerpt á öllum verkferlum hjá Rekstrarfélaginu varðandi gagnaöryggi og prófanir sem þýðir að niðurstöður prófana verða skjalaðar áfram eins og gert var 2018.</p> <p>Ljósmyndasafn Reykjavíkur</p> <p>Ljósmyndasafnið hefur Filemaker og FotoStation og þiggur þjónustu frá UTR. Við skoðun 2014 komu í ljós ákveðnir veikleikar; ábyrgð og verkaskipting væri ekki skýr, veikleikar væru í aðgangsstýringu, endurheimt gagna væri ekki prófuð og safnið hefði ekki skilgreint kröfur um ásættanlegt gagnatap og uppítíma kerfa. Brugðist hefur verið við þeim veikleikum sem greindir voru 2014, að því frátöldu að ekki liggur fyrir í þjónustusamningi skráð og skjalfest verkaskipting milli aðila, sem og að prófun á endurheimt mynda í FotoStation hefur ekki farið fram frá endurheimtingu gagnagrunns haustið 2016 vegna gagnagíslingar. Prófun á endurheimt gagna í Filemaker hefur ekki farið fram á síðustu</p>	þegar þörf er. Einnig geta þeir valdið truflunum á rekstri og þá er leynd trúnaðarupplýsinga ekki tryggð.		

#	Ábending frá 2014	Svör MOF 2018/2019	Niðurstöður skoðunar 2019	Áhrif / möguleg áhrif	Aðgerðaráætlun stjórnenda 2019	Áhætta 2019
		<p>tveimur árum. Fram fer prófun á afritum gagnagrunns Filemakers en endurheimt afrita hefur ekki verið gerð nýlega.</p> <p>Safnaráð gerir þær kröfur að afrit skráningarkerfis sé prófað (endurheimt) einu sinni á ári til að tryggja virkni búnaðar og réttleika ferla við afritun og endurheimt og að niðurstöðurnar séu prófaðar.</p> <p>Niðurstaða: Úrbætur við ábendingunni eru í vinnslu og er þeim ekki lokið að öllu leyti, þ.e. verkaskipting á milli skráningaraðila og þjónustuaðila hefur ekki verið skráð í þjónustusamning. Prófun á endurheimt afrita skráningarkerfa Ljósmyndasafn Reykjavíkurs fer ekki fram reglulega. Ábendingin sem nú er fylgt eftir er ítrekuð þar sem úrbótum er ekki að fullu lokið.</p>				
<p>5 Gera þarf kröfur um 4 stöðugleika í rekstri 0 skráningarkerfa og skilgreina viðmið um ásættanlegt gagnatap og niðritíma skráningarkerfa.</p>	<p>Afrit af Sarpi/kerfinu og gögnum þess eru prófuð (endurheimt) einu sinni á ári til að tryggja virkni búnaðar og réttleika ferla við afritun og endurheimt.</p> <p>Verið er að vinna að nýjum þjónustusamningi UTD við MOF. Gagnagrunnur Listasafns Reykjavíkur er á sér server sem rekinn er og viðhaldið er af UTD og er undir þeirra verkferlum varðandi gagnaöryggi og afritatöku. Listasafn Reykjavíkur óskar einnig eftir því að afrit séu prófuð tvisvar á ári.</p>	<p>Innri endurskoðun fékk upplýsingar frá Listasafni Reykjavíkur varðandi þeirra kröfur um ásættanlegt gagnatap og uppitíma kerfa en þær kröfur er ekki skráðar í þjónustusamning þar sem slíkur samningur er ekki til staðar.</p> <p>Árbæjarsafnið notar skráningarkerfið Sarp og þiggur þjónustu frá Rekstrarfélagi Sarps og Þekkingu vegna þess. Að auki sækir safnið upplýsingatækniþjónustu til UTR. Úttekt 2014 leiddi í ljós að safnið hefði ekki skilgreint kröfur um ásættanlegt gagnatap og uppitíma kerfa en við eftirfylgniúttekt nú kom í ljós að slíkar kröfur eru skilgreindar í samningi við þjónustuaðila Rekstrarfélags Sarps.</p> <p>Listasafn Reykjavíkur notar kerfin Filemaker og þiggur þjónustu frá UTR. Úttekt 2014 leiddi í ljós að safnið hefði ekki skilgreint kröfur um ásættanlegt gagnatap og uppitíma kerfa en í kjölfar eftirfylgniúttektar Innri endurskoðunar ráðfærði safnið sig við UTR og ákvað kröfur.</p>				

#	Ábending frá 2014	Svör MOF 2018/2019	Niðurstöður skoðunar 2019	Áhrif / möguleg áhrif	Aðgerðaráætlun stjórnenda 2019	Áhætta 2019
			<p>Niðurstaða: Ábendingunni er nú lokað þar sem söfn hafa skilgreint sínar kröfur en minnt er á mikilvægi þess að þær séu tilgreindar í samningi við þjónustuaðila. Jafnframt er vísað til ábendingar hér að ofan um þjónustusamning við UTR sem er ítrekuð.</p>			
5 4 1	<p>Meta þarf hvort núverandi skráningarkerfi henti fyrir starfsemi safnanna, með tilliti til gæða vinnutækis og uppfylli kröfur til upplýsingaöryggis. Æskilegt er að stilla upp valkostum þess efnis.</p>	<p>Núverandi skráningarkerfi henta söfnunum vel enda sérsniðin að þörfum þeirra. Sarpur er notaður til að skrá lausa muni og hefur kerfið tekið miklum og góðum framförum á undanförunum árum enda mikið kapp lagt á að laga þetta mikilvæga vinnutæki að þörfum notenda. Upplýsingaöryggi er tryggt í Sarpi. Skráningarkerfi Listasafns Reykjavíkur hentar vel fyrir starfsemi þess enda sérsniðinn að þörfum safnsins.</p>	<p>Starfshópurinn sem skipaður var í kjölfar skýrslu Innri endurskoðunar fékk eftirfarandi verkefni: <i>Greina hvort núverandi kerfi séu hentug, rekstrarlega hagkvæm og þjóni vel tilgangi sínum. Í því sambandi skal m.a. horft til þess hvernig kerfin nýtast sem gagnagrunnar, fyrir samantekt upplýsinga í daglegu starfi og fyrir lengri sýn á uppbyggingu safnanna og hvernig þau standist kröfur um upplýsingaöryggi. Hópurinn skal á grundvelli þessarar greiningar endurskoða þjónustusamning MOF við upplýsingatæknideild með tilliti til mögulegra úrbóta í rekstri kerfanna og kerfisstjórnun og, í öðru lagi, meta kosti og galla mismunandi skráningarkerfa sem völ er á og gera tillögur um breytingar ef þörf er á.</i></p> <p>Niðurstaða hópsins var í meginatriðum sú að þáverandi skráningarkerfi hentuðu vel. Hópurinn leggur til eina breytingu á skráningarkerfum; að Mannamyndaskrá Ljósmyndasafns Reykjavíkur verði færð í Sarp.</p> <p>Niðurstaða: Framkvæmt hefur verið mat á þeim skráningarkerfum sem ábending Innri endurskoðunar náði til og er ábendingu lokað.</p>			
5 4 2	<p>Skráningarkerfi verða að nýtast starfsmönnum við gerð</p>	<p>Filemaker býður upp á möguleika við að greina gögnin og keyra út sem upplýsingar í Excel og á öðrum formum.</p>	<p>Skráningarkerfi Ljósmyndasafns Reykjavíkur og Listasafns Reykjavíkur bjóða upp á marga leitarmöguleika og skýrslugerð byggist á því. Skráningarkerfi Árbæjarsafns býr</p>	<p>Veikleikar í Sarpur 3, gagnaupplýsingagjöf geta safn, er eign leitt til rangrar eða íslenskra safna. Nú</p>		

#	Ábending frá 2014	Svör MOF 2018/2019	Niðurstöður skoðunar 2019	Áhrif / möguleg áhrif	Aðgerðaráætlun stjórnenda 2019	Áhætta 2019
	<p>stjórnendaupplýsinga og sem aðgengilegt stjórnþæki, t.d. hvað varðar vinnslu vegna fyrirspurna og skýrslugerð, sem gefi yfirsýn yfir samsetningu eignasafnsins, greiningu á umsvifum þess og fylgni við söfnunarstefnu.</p>	<p>Sjá lið 2 í næsta kafla/dálki.</p>	<p>ekki svo vel að og er þörf á að bæta það enn frekar til að unnt sé að kalla fram upplýsingar sem nýtast starfsmönnum við sína vinnu sem og til að miðla upplýsingum um safnkosti.</p> <p>Niðurstaða: Ábendingin er ítrekuð að hluta, þ.e.a.s. henni er lokað hvað varðar Listasafnið og Ljósmyndasafn Reykjavíkur en ítrekuð til Árbæjarsafns vegna Sarps.</p>	<p>ótímanlegar ákvarðanatöku sem getur valdið því að markmiðum safna sé ekki náð.</p>	<p>er verið að undirbúa þarfagreiningu varðandi uppfærslu eða smíði á nýju kerfi þar sem núverandi kerfi er að verða úrelt. Áður en formleg þarfagreining verður unnin er stjórn Sarps að safna upplýsingum um sambærileg kerfi erlendis; í Danmörku/Sara, Noregi/Primus og eins í Bretlandi þar sem mjög mörg kerfi eru í gangi. Ábendingar IE verða hafðar til hliðsjónar við þarfagreiningu, bæði hvað varðar vinnutækið sjálft, skýrslugerð og vinnslu tölulegra upplýsinga.</p>	<p>Áhætta 2019</p>
<p>5 4 3</p>	<p>Meta þarf hvernig Sarpur nýtist sem vinnutæki fyrir starfsmenn safnsins og</p>	<p>Síðastliðin ár hefur Rekstrarfélag Sarps ráðist í ýmis úrbótaverkefni í Sarpi með það að markmiði að gera hann að betri og notendavænni vinnutæki fyrir notendur. Við</p>	<p>Starfshópurinn sem skipaður var í kjölfar skýrslu Innri endurskoðunar fékk það verkefni að greina hvort núverandi kerfi væru hentug, rekstrarlega hagkvæm og þjónuðu vel tilgangi sínum. Meðal niðurstaðna var: <i>Menningarsögulegi</i></p>			

#	Ábending frá 2014	Svör MOF 2018/2019	Niðurstöður skoðunar 2019	Áhrif / möguleg áhrif	Aðgerðaráætlun stjórnenda 2019	Áhætta 2019
	<p>skoða valkosti þess efnis, þ.e. hvort hægt sé að þróa Sarp sem gott vinnutæki, hvort Rekstrarfélagið hafi burði til hugbúnaðar-þróunar eða hvort önnur skráningarkerfi gætu hentað. Mjög takmarkaðir möguleikar á upplýsingagjöf eru til staðar í kerfinu. Ef nýta á kerfið til stjórnendaupplýsinga kallar það á tímafreka úrvinnslu gagna.</p>	<p>skilgreiningu verkefnanna var meðal annars tekið mið af niðurstöðum skýrslu sem Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar vann fyrir Menningar- og ferðamálasvið.</p>	<p><i>gagnagrunnurinn Sarpur er sameign yfir 50 íslenskra safna og rekstur og þróun er á ábyrgð eigendanna, þar á meðal Borgarsögusafns. Ekki er fyrirhugað að breyta þar um. Þróunarstarf Sarps hefur og sýnt og sannað hversu mikilvægt og gagnlegt viðtækt faglegt samstarf og samræða um innra starf safna, skráningu og rafræna umsýslu safnkosts er hverju safni og safnastarfi sem heild.</i></p> <p>Í viðtali við notanda og skráningaraðila Sarps kom fram að Sarpur er orðinn betra vinnutæki sem styður enn frekar við starfsemi Árbæjarsafns, til að mynda hefur verið bætt við þætti varðandi sýningar og útlán sem reynst hefur vel. Skýrslugjöf hugbúnaðarins er enn ábótavant, sbr. umfjöllun við fyrri ábendingu.</p> <p>Niðurstaðna: Mat á Sarpi hefur farið fram og sú vinna varð til frekari þróunar á hugbúnaðinum sem hefur haft það í för með sér að ánægja með hugbúnaðinn hefur aukist. Sarpur er í stöðugri þróun og mikilvægt er að notendur eigi áframhaldandi samstarf við Rekstrarfélag Sarps um þróun hugbúnaðarins. Ábendingu er lokað.</p>			

GÆÐI SKRÁNINGAR

Í safnalögum nr. 141/2011 kemur fram að “[s]afn skal starfa í samræmi við skilmála safnaráðs um húsnæði, öryggismál, skráningarkerfi og faglega starfsemi. Upplýsingar um skráða grip í varðveislu safns skulu vera aðgengilegar almenningi.”

Í siðareglum ICOM kemur fram að “Safneign skal skrá samkvæmt faglega viðurkenndum stöðlum. Í slíkri skráningu skal tilgreina og lýsa hverjum grip í safninu ýtarlega, skrá tengdar upplýsingar, uppruna, ástand, forvörslumeðferð og geymslustað. Slíkar upplýsingar skal geyma á öruggum stað og haga gagnagrunni þannig að upplýsingarnar séu aðgengilegar starfsmönnum safnsins og öðrum réttmætum notendum.

#	Ábending frá 2014	Svör MOF 2018/2019	Niðurstöður skoðunar 2019	Áhrif / möguleg áhrif	Aðgerðaráætlun stjórnenda 2020	Áhætta 2020
Listasafn Reykjavíkur						
5 4 4	Þegar safngripur finnst ekki þarf að fylgja því fast eftir og meta hvort mikil verðmæti séu í húfi og skráð sé möguleg ástæða, yfirstjórn upplýst og tillögur settar fram til að bregðast við eftir því sem við á.	Átaksverkefni fór fram sumarið 2017. Þar sem farið var yfir staðsetningar allra verka í geymslum í Hafnarhúsi og Kjarvalsstöðum til að sannreyna staðsetningu þeirra og uppfæra gagnagrunn ef þurfti. Yfirstjórn hefur verið upplýst um þetta verkefni. Ef verk finnst ekki er því fylgt fast eftir, það skráð og skref tekin til að finna það.	Frá því að úttekt Innri endurskoðunar fór fram árið 2014 hefur ekki komið upp tilvik þar sem verk finnst alls ekki – en komið hefur fyrir að verk hafi fundist á öðrum stað en skráningarstaður sagði til um. Núverandi verklag er á þá leið að ef safngripur finnst ekki þá er leit haldið áfram þar til hann finnst. Eitt frávik kom upp í úttekt Innri endurskoðunar 2014 og hefur það listaverk ekki enn komið í leitirnar. Verklagsreglur um móttöku, skráningu og varðveislu listaverka í safneign hafa verið uppfærðar og taka til verklags þegar safngripur finnst ekki. Niðurstaða: Úrbætur við ábendingu eru fullunnar og þar af leiðandi er ábendingunni lokað.			

#	Ábending frá 2014	Svör MOF 2018/2019	Niðurstöður skoðunar 2019	Áhrif / möguleg áhrif	Aðgerðaráætlun stjórnenda 2020	Áhætta 2020
5 4 5	Yfirfara þarf skráningu með tilliti til samræmis á milli skráninga í gagnagrunni Listasafns Reykjavíkur og bæta inn í skráningu þar sem á vantar.	<p>Átaksverkefni í skráningu eftir tegund safnkosts er í vinnslu. Nú er lokið að fara yfir allar skráningar á vídeó og nýmiðlaverkum. Þær uppfærðar og samræmdar. Þetta er áframhaldandi verkefni þar sem skilgreindur hluti af safneign Listasafns Reykjavíkur er undir í hvert skipti.</p> <p>Viðbótarupplýsingar í október 2019: Skráning er áframhaldandi verkefni sem er aldrei lokið. Alltaf er hægt að bæta við skráningu og mikilvægt er að það sé gert. Það er því mögulega misvísandi að tala um skráningarátak hjá Listasafninu þar sem grunnskráning er til fyrir heildarsafneign. Frekar mætti tala um skráningarverkefni eða áherslur.</p>	<p>Safnkostur Listasafns Reykjavíkur er allur skráður í skráningarkerfi safnsins en yfirferð á skráningu safnkosts Listasafns Reykjavíkur er stöðugt verkefni og í góðum farvegi.</p> <p>Niðurstaða: Ábendingunni er lokað.</p>			
5 4 6	Yfirfara þarf uppsetningu gagnagrunns og taka ákvörðun um hvernig meðhöndla á skráningu eða afskráningu verka sem ekki eru í eigu safnsins, ábyrgð þess gagnvart varðveislu gagna fyrri eigna safnsins. Í þessu samhengi þarf að ákveða hvernig skal fara með sögu viðkomandi verka.	<p>Verk sem eru ekki í eigu safnsins eru auðkennd sérstaklega í gagnagrunni. Tekin hefur verið ákvörðun um að þau verði fjarlægð úr aðalskráningu safnsins og komið fyrir í sérskráningargrunni sem er þó aðgengilegur frá aðalgrunni safnsins. Saga þeirra verður því áfram varðveitt en þau koma þá ekki fram sem hluti af almennum tölfræðiupplýsingum úr gagnagrunni.</p> <p>Umræða er hafin við fyrirtækið sem UTR hefur falið þjónustuverkefni við gagnagrunninn um bestu leið til þess að færa gögn sem um ræðir í nýjan grunn.</p>	<p>Ljóst er á svörum MOF að úrbótum við ábendingu er ekki lokið.</p> <p>Niðurstaða: Ábendingin er ítrekuð.</p>	Hætta er á að upplýsingar um safngripina og sögu þeirra tapist ef skráningu er ábótavant.	Umræða er hafin við fyrirtækið sem UTR hefur falið þjónustuverkefni við gagnagrunninn um bestu leið til þess að færa gögn sem um ræðir í nýjan grunn.	

#	Ábending frá 2014	Svör MOF 2018/2019	Niðurstöður skoðunar 2019	Áhrif / möguleg áhrif	Aðgerðaráætlun stjórnenda 2020	Áhætta 2020
Árbæjarsafn						
5 4 7	Gera þarf átak í skráningu safngripa, yfirfara skráningu með tilliti til inntaks þess sem skráð er, staðla og samræma skráninguna. Því meiri gæði upplýsinga sem til eru um viðkomandi safngrip, því betur endurspeglar það menningarvirði safngripsins.	<p>Átak í skráningu hefur ekki gengið eftir. Enn eru óskráðir gripir í geymslum og fortíðarvandinn er enn óleystur.</p> <p>Hins vegar hafa gæði nýskráninga verið bætt til muna, skrásetjarar þurfa leyfi/námskeið og skráningar lúta skýrum reglum sbr. Skráningarhandbók.</p> <p>Átak í skráningu hefur ekki átt sér stað nema í tengslum við sýningar, svo sem nýja grunnsýningu Sjóminjasafns.</p>	<p>Úrbætur ekki hafnar.</p> <p>Niðurstaða: Ábending er ítrekuð og gefin gul áhættuflokkun þar sem ekki er fullnægjandi fylgni við kröfur ytri aðila, þ.e. safnalög, siðareglur ICOM og leiðbeiningar Þjóðminjasafns Íslands.</p>	<p>Grundvöllur öflugssafnastarfs er vönduð og áreiðanleg skráning safngripa og meðferð þeirra. Það að safngripur sé ekki vandlega skráður dregur úr verðmæti hans þar sem hann er síður aðgengilegur gestum og veitir því takmarkaðri upplýsingar um menningu borgarinnar.</p>	<p>Ábendingin krefst forgangsstöðunar verkefna og jafnvel viðbótar fjármögnunar, en ekki er útlit fyrir svigrúm á þessu ári fyrir því, heldur verður það haft til hliðsjónar við gerð fjárhagsáætlunar vegna ársins 2021.</p>	
5 4 8	Stór áhættuþáttur í varðveislu safngripa er færsla á milli staða, til dæmis í tengslum við sýningar. Mikilvægt er að skriflegar verklagsreglur séu til um færslu safngripa á milli staða og gefinn sé tími til frágangs eftir sýningar eða þegar safngripir koma til baka.	<p>Sarpur hefur nú bætt inn þáttum þar sem hægt er að skrá útlán og sýningar og hefur þessi nýja virkni mikið verið notuð hjá Borgarsögusafni. Nú er hver gripur sem er lánaður (innan húss og til annarra safna) skráður á útlánaskýrslu áður en hann er afhentur lánþega.</p> <p>Sýningarvirkni Sarps nýtist mjög vel til að halda utan um sýningar. Þar er greint frá öllum gripum, einnig eru lánsamningar skannaðir og varðveittir og allar upplýsingar um sýninguna sem taldar eru nauðsynlegar, umsjón, ábyrgð, uppsetning ofl.</p>	<p>Innra eftirlit hefur verið eflt með nýrri viðbót í Sarp þar sem haldið er utan um útlán safnsins, hvaða safngripir eru lánaðir, til hvaða aðila og hve lengi, ásamt því að útlánasamningur er færður þar inn. Önnur nýjung í Sarpi er utanumhald um sýningar.</p> <p>Niðurstaða: Metið er sem svo að þessi viðbót við safnið dragi úr þeirri áhættu að gripir týnist og er ábendingu Innri endurskoðunar því lokað. Vert er að nefna að í skýrslu safnaráðs kemur fram að ekki sé til skrá yfir safngripi sem ekki finnast og lagt til að haldin sé slík skrá. Tekið er undir ábendingu safnaráðs og er safnið hvatt til þess að bregðast við henni innan þess tímaramma sem safnaráð tilgreinir, þ.e. innan tveggja ára.</p>			

#	Ábending frá 2014	Svör MOF 2018/2019	Niðurstöður skoðunar 2019	Áhrif / möguleg áhrif	Aðgerðaráætlun stjórnenda 2020	Áhætta 2020
Ljósmyndasafn Reykjavíkur						
5 4 9	<p>Hjá Ljósmyndasafninu er mikið til af óskráðu myndefni. Ákveða þarf hvernig Ljósmyndasafnið ætlar að halda utan um myndirnar og hvernig það sér fyrir sér að ná að búa til flokkunarkerfi til að skrá inn öll þau aðföng sem safninu hafa borist.</p>	<p>Frá 1997 hafa öll aðföng sem berast Ljósmyndasafni Reykjavíkur verið skráð í aðfangabók. Við móttöku aðfanga er ætíð gerð <i>Móttökuskýrsla</i> þar sem grunnupplýsingar um viðkomandi myndasafn eru skráðar í viðurvist gefanda, s.s. upplýsingar um gefanda og uppruna safnsins (fyrrri eiganda ef við á), um ljósmyndara ef það er vitað, eðli safnsins, gerð þess, innihald o.fl. Móttökuskýrslan er síðan höfð til hliðsjónar við skráningu í aðfangabók en þar er viðkomandi safnaheild grófskráð og henni gefið aðfanganúmer. Hér er um að ræða frumskráningu og grófflokkun.</p> <p>Heildarfjöldi skráningarfærslna er nú ríflega 303 þúsund sem gróflega er áætlað að nái yfir um 1.6 milljón mynda, eða ríflega 26% safnkosts. En rétt er að hafa í huga að mikill hluti skráningarfærslanna eru einfaldar frumskráningar.</p> <p>Um það bil 5-10% af vinnutíma tveggja starfsmanna fer í skráningar og um 20-25% þess þriðja. Með öðrum orðum, samanlagður tími sem fer til skráninga á ársgrundvelli nær ekki hálfu starfi.</p> <p>Sérstakt átak í skráningu hefur ekki átt sér stað. En með skipulags- breytingu og ráðningu starfsmanns í afgangverkefnum fjölgað. Auk þess sem aðrir sérhæfðir starfsmenn fá meira næði til að sinna skráningum.</p>	<p>Úrbætur ekki hafnar.</p> <p>Niðurstaða: Ábending er ítrekuð og gefin gul áhættuflokkun þar sem ekki er fullnægjandi fylgni við kröfur ytri aðila, þ.e. safnalög, siðareglur ICOM og leiðbeiningar Þjóðminjasafns Íslands.</p>	<p>Grundvöllur öflugs safnastarfs er vönduð og áreiðanleg skráning safngripa og meðferð þeirra. Það að safngripur sé ekki vandlega skráður dregur úr verðmæti hans þar sem hann er síður aðgengilegur gestum og veitir því takmarkaðri upplýsingar um menningu borgarinnar.</p>	<p>Ábendingin krefst forgangsstöðunar verkefna og jafnvel viðbótar fjármögnunar, en ekki er útlit fyrir svigrúm á þessu ári fyrir því, heldur verður það haft til hliðsjónar við gerð fjárhagsáætlunar vegna ársins 2021.</p>	

VIÐAUKI I - YFIRLIT YFIR SKRÁNINGU SAFNGRIPA

Yfirlit yfir fjölda skráðra safngripa í skráningarkerfum safnanna.

Annars vegar eru tölulegar upplýsingar úr skýrslu Innri endurskoðunar sem nú er fylgt eftir og hins vegar upplýsingar frá söfnunum um stöðu mála nú. Vert er að taka fram að í yfirlitinu er ekki lagt mat á gæði skráningar heldur eingöngu fjölda skráninga.

Safn	Skrá	Skráningarkerfi	2014			2019		
			Fjöldi skráninga	Fjöldi safngripa	Hlutf.	Fjöldi skráninga	Fjöldi safngripa	Hlutf.
Árbæjarsafn	Minjaskrá	Sarpur	25.391	29.000	88%	27.134	30.000	90%
Listasafn Reykjavíkur	safngripaskrá/verk	FileMaker	17.120	17.120	100%	17.500	17.500	100%
Ljósmyndasafn Reykjavíkur	mannlífsm myndir	FotoStation	93.500 ²	467.500	20%	92.000 vegna 486.000 ljósmynda		
Ljósmyndasafn Reykjavíkur	mannamyndir	FileMaker	185.000	925.000	20%	201.000 vegna 1.150.000 ljósmyndir	6.000.000	27%
Sjóminjasafnið í Reykjavík		Sarpur (2014: Gagnagrunnur þjónustuaðila)	1.300	3.400	38%	3136	3500	90%

² Skýring Ljósmyndasafns: Það er ljóst að þessi tala, 93.500 skráningar í mannlífsgagnagrunni ljósmyndasafnsins frá 2014 getur ekki staðist, þarna virðist eitthvað hafa skilast til. Hluti skýringarinnar getur verið fjöldin allur af innskönnuðum myndum í kerfinu sem voru óskráðar á þessum tíma. Eftir að hafa skilað svörum við spurningalistum Innri endurskoðunar snemma árs 2014 var aðeins farið í saumana á fjölda raunverulegra skráninga í FotoStation, niðurstaða þeirrar yfirferðar var að skilgreina betur talin svæði í kerfinu. Fjöldi raunverulegra skráningarfærslna FotoStation í mars 2014 voru um 71.000 og áætlað að þær hafi náð yfir um 360.000 myndir.